



Stjötti fundur skólaráðs Öldutúnsskóla skólaárið 2020 - 2021 **Haldinn í fjarfundi 04.05. 2021 klukkan 13:30.**

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, skólastjóri.

Fundaritari: Margrét Sverrisdóttir, aðstoðarskólastjóri.

Mættir:

Stjórnendur: Valdimar Víðisson, skólastjóri og Margrét Sverrisdóttir, aðstoðarskólastjóri.

Fulltrúar foreldra: Snædís Ö. Flosadóttir. Thelma K. Prastardóttir boðaði forföll.

Fulltrúar starfsmanna: Guðlaug Helgadóttir, Skúli Pálsson, Sigurveig Þormar og Sigþór Ö. Rúnarsson.

Fulltrú grenndarsamfélagsins: Ingibjörg Gunnarsdóttir boðaði forföll.

Fulltrúar nemenda: María Hólmfríður Fons Eiríksdóttir og Þórdís F. Atladóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Sóttvarnaaðgerðir. Skólastjóri fór yfir stöðuna. Ný reglugerð verður kynnt í dag og tekur gildi fimmtudaginn 06.05.2021.
2. Viðmiðunarstundaskrá 2021 – 2022. Skólastjóri kynnt viðmiðunarstundaskrá fyrir 2021 – 2022. Helsta breytingin er fjölgun á list- og verkgreinatímum á unglingsstigi og einnig fjölgun á valgreinatímum í 8. og 9. bekk.
 - a. Skólaráð samþykkir viðmiðunarstundaskrá 2021 – 2022. Fulltrúar ráðsins þurfa að mæta á skrifstofu skólans til að skrifa undir staðfestingu á þessari samþykkt.
 - b. Fulltrúi kennara er ánægður með fjölgun tíma í list- og verkgreinakennslu.
3. Faghópur um húsnæði skólans tekin til starfa. Verkefni hópsins er að vinna greiningu á stöðunni, hvað vantar í skólann, hvað þarf að bæta og hvernig sjáum við þetta fyrir okkur á næstu árum. Í hópnum eiga sæti skólastjóri, sviðsstjóri, þróunarfulltrúi grunnskóla og fulltrúi frá fjármálasviði.
 - a. Skólalóðin einnig til umræðu, þegar er komið á áætlun nokkur atriði eins og fjölga hjólagrindum, hellulagning og setja niður bekk.
 - b. Ánægja með að farið er af stað með starfshóp og vonandi verður unnið hratt og vel.
 - c. Minnst er á að til eru teikningar. Spurt hvort nota eigi þær. Trúlega verður ekki farið í svo miklar framkvæmdir.
4. Skólaþing í umsjón skólaráðs í haust. Umræður.
 - a. Lagt til að fólk hugsi á milli funda um útfærslur og rætt betur um það á næsta fundi.
5. Önnur mál.
 - a. Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 14:00
Margrét Sverrisdóttir